



Reykjavík 30. júlí 2020

Bréf sent prestum, djáknum, sóknamefndarformönnum, organistum og úfararstjórum.

Eins og kunnugt er hefur kórónuveiran sótt í sig veðrið og ráðherra heilbrigðismála gefið út reglur til viðbragða við ástandinu. Þær eru sem fyrr tveggja metra reglan, hámark 100 manns í sama rými, hand- og sprittþvottur sem og almennar sóttvarnarreglur. Við í kirkjunni förum sem fyrr eftir þessum reglum og virðum þær í hvítetna.

Búið er að ákveða margar **fermingarathafnir** sem ekki gátu farið fram í vor og munu þær verða eins og ákveðið hefur verið. Þetta þýðir að hafi verið gert ráð fyrir fleiri fermingarbörnum í athöfn en tveggja metra reglan leyfir og kirkjuskipið leyfir fyrir 100 manna regluna í sama rými verður að **fjölga** athöfnunum. Hafa t.d. fleiri athafnir sama daginn þannig að fermingardagurinn sem ákveðinn hefur verið haldi sér. Altarisgöngur og handsal í fermingarathöfnunum falla niður.

Varðandi **útfarir** er nauðsynlegt að benda aðstandendum á að auglýsa andlátíð og athöfnina. Virða verður reglurnar, tveggja metra fjarlægð og ekki fleiri en 100 manns í sama rými. Það segir sig sjálft að þar sem flestar kirkjur landsins rúma ekki nema fáa, jafnvel örfáa verður að finna aðra leið til að fjölskylda og samferðarfólk geti fylgt hinum látna einstaklingi síðasta spölinn.

**Helgihald** getur farið fram án altarisgöngu. **Altarisgöngur** leggjast alveg af á meðan þetta ástand varir.

Þegar síðasta bylgja sjúkdómsins reið yfir á útmánuðum og vormánuðum voru allir samtaka um að láta hlutina ganga og gera eins gott úr ástandinu og mögulegt var. Ég bið þess að hið sama gildi nú og við fáum öll styrk frá hvert öðru og freslara okkar til að ráða fram úr málum í hverju tilfelli fyrir sig.

Frekari upplýsingar um reglurnar eru inni á vef landlæknis, landlaeknir.is. Frekari upplýsingar fyrir okkur kirkjunnar fólk eru inni á heimasíðu þjóðkirkjunnar kirkjan.is.

Undanfarna daga hafa orðin úr Orðskviðunum 3:1-6 verið mér ofarlega í huga. Þau eiga við í dagsins önn sem og í óvæntum og óvelkomnum aðstæðum eins og nú eru.

„Sonur minn, gleymdu ekki kenningu minni  
og hjarta þitt varðveiti ráð mín  
því að langa lífdaga, farsæl ár  
og velgengni munu þau veita þér ríkulega.  
Kærleikur og tryggð munu aldrei yfirgefa þig.  
Festu þau um háls þér og ritaðu þau á spjald hjarta þíns,  
þá muntu hljóta hylli og góð hyggindi,  
jafnt í augum Guðs sem manna.  
Treystu Drottni af öllu hjarta  
en reiddu þig ekki á eigið hyggjuvit.  
Minnstu hans á öllum vegum þínum,  
þá mun hann gera leiðir þínar greiðar.“

Með bæn um blessun Guðs í lífi og starfi

*Agnes A. Sigurðardóttir*